




ÞINGGERÐ 1994



70. ÁRSÞING
HK-HÚSIÐ, DIGRANES
27. FEBRÚAR 1994



70. Ársþing UMSK haldið í HK húsinu Digranesi þann 27. febrúar 1994

1. Þingsetning

Svanur M. Gestsson formaður UMSK tók til máls og setti þingið. Hann bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Gestir þingsins voru Hafsteinn Pálsson framkvæmdastjórn ÍSÍ, Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Ólína Sveinsdóttir stjórn UMFÍ og Pálmi Gíslason f.v. formaður UMFÍ.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Svanur bar upp tillögu um að Páll Magnússon HK væri kjörinn fyrsti þingforseti og Páll Aðalsteinsson UMFA annar þingforseti. Það var samþykkt með lófaklappi.

3. Kosning þingritara

Þingforsetar tóku til starfa og steig Páll Magnússon í pontu og lagði til við fundarmenn að Ólafur Briem væri kjörinn fyrsti þingritari og Albert H.N. Valdimarson annar þingritari og var það einnig samþykkt með lófaklappi.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þá var kjorið í kjörbréfanefnd. Í nefndina voru kjörin Jón Ingi Ragnarsson Breiðablik, Anna R. Möller Stjórnunni og Þorsteinn Einarsson HK.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur M. Gestsson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar. Hann rak efni hennar í stórum dráttum og minntis m.a. á hið mikla sjálfboðaliðastarf sem er unnið innan félaganna þá rakti hann afrek sem íþróttafólk okkar hefur unnið á árinu og hvatti alla til þátttöku á 21. Landsmóti UMFÍ.

Jón Ingi Ragnarson kvað sér hljóðs og minnti menn á að skila inn kjörbréfum.



6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Ari Hilmarsson flutti reikninga UMSK og vísast til bls. 43 - 48 í ársskýrslu sambandsins.

7. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Þórir Jónsson formaður UMFÍ. Hann óskaði UMSK til hamingju með ágæta skýrslu. Hann lýsti ánægju sinni hversu vel UMSK hefur unnið sig upp úr skuldum eftir síðasta landsmót.

Hann sagði frá UMFÍ og bauð alla velkomna í nýju þjónustumiðstöðina í Fellsmúla.

Ofarlega á baugi hjá UMFÍ er að bæta aðstöðuna í Prastarlundi og greindi hann frá fyrirhugaðri veitingamiðstöð sem verður byggð í samvinnu við veitingamenn á staðnum. Þá hefur aðgengi um skóginn verið bætt til muna. Þórir minnti fundarmenn á félagsmálaskóla UMFÍ og hvatti menn til að nýta sér hann.

Þá greindi Þórir frá þremur verkefnum sem UMFÍ vinnur að í tengslum við lýðveldisafmælið.

Að lokum árnaði hann sambandinu heilla á árinu og hvatti UMSK fólk til að vinna vel að því að verja titil sinn á 21. Landsmóti UMFÍ.

Næstur tók til máls Hafsteinn Pálsson frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann lýsti ánægju sinni með starf UMSK á síðasta ári. Hafsteinn greindi frá hugmyndum að lagabreytingum sem fela m.a. í sér sameiningu á framkvæmdastjórn ÍSÍ og Ólympíunefnd Íslands. Þá sagði Hafsteinn frá samningi um tölvukerfi fyrir sambandið.

Pálmi Gíslason f.v. formaður UMFÍ þakkaði fyrir boðið á þingið. Hann sagðist hafa setið flest þing UMSK um margra ára skeið. Hann óskaði sambandinu heilla á landsmótsári.

Pingfulltrúar risu úr sætum og hylltu Pálma með lófataki.

Ólína Sveinsdóttir úr stjórn UMFÍ tók til máls og hrósaði góðri skýrslu. Þá lýsti hún ánægju sinni með þá umhyggju sem stjórnin hefur sýnt barna og unglिंगastarfi á liðnu ári.

Ólína greindi frá stöðu Skinfaxes og sagði blaðið vera á uppleið enda efnið gott og vel staðið að útgáfu blaðsins.

8. Álit kjörbréfanefndar

Jón Ingi Ragnarsson greindi frá störfum kjörbréfanefndar. Aðeins bárust 10 kjörbréf og las hann því næst upp nöfn fulltrúa og voru eftirtaldir fulltrúar mættir og því rétt skoðaðir fulltrúar fyrir hönd sinna félaga.



Umf. Afturelding

Edvard Ragnarsson
Guðríður Einarsdóttir
Ásta B. Björnsdóttir
Sigurður Sigurðsson
Lilja Petra Ásgeirsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Guðrún Magnúsdóttir
Páll Aðalsteinsson

Umf. Bessastaðahrepps

Guðlaug Guðmundsdóttir
Sæunn Eiríksdóttir

UMF. Breiðablik

Jón Ingi Ragnarsson
Hreinn Bergsveinsson
Gylfi Sigurpálsson
Sighvatur Blöndahl
Haukur Hauksson
Eiríkur Jensson
Aldís Guðmundsdóttir

Umf. Stjarnan

Anna R Möller
Gunnar V. Johnsen
Rósa Jónsdóttir
Magnús Sigurðsson
Helga Sigurbjarnadóttir

Handknattleiksfélag Kópavogs

Þorsteinn Einarsson
Albert H.N. Valdimarsson
Ólafur Briem
Högni Einarsson
Róbert Eyjólfsson
Páll Magnússon

Íþróttafélagið Gerpla

Ingvar Árnason
Elsa Jónsdóttir
Auður Gunnarsdóttir
Einar Sigurðsson
Margrét Guðmundsdóttir

Siglingafélagið Ýmir

Páll Hreinsson



Hestaíþróttafélagið Hörður
Halla M. Hallgrímsdóttir
Örn Harðarson
Þorsteinn Aðalsteinsson

Íþróttadeild Gusts
Magnús Ólafsson
Elísabet Sæmundsdóttir

Keilufélag Garðabæjar
Árni Jón Árnason

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Engar umsóknir um aðild lágu fyrir þinginu.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Ólína Sveinsdóttir tók til máls og vakti athygli á að á bls. 17 í skýrslunni vantaði upplýsingar um sérgreinastjóra fyrir starfsíþróttir. Hún skoraði á landsmótsnefnd að skipa strax í stöðuna ef ekki væri búið að því.

Jón Ingi Ragnarsson þakkaði góða skýrslu og óskaði eftir meiri krafti í menn nú á landsmótsári.

Þá tók til máls Páll Aðalsteinsson og vakti athygli manna á því að hér á árum áður hefðu oft orðið miklar umræður um skýrslu stjórnar. Hann sagði einnig að ánægjulegt væri að sjá að UMSK hefur bolmagn til að styðja og styrkja barna- og unglíngastarf. Páll hvatti menn til að sýna styrk og samstöðu með almennri þátttöku í Landsmóti UMFÍ nú í sumar.

Því næst tók til máls Haukur Hauksson og þakkaði hann HK mönnum fyrir gott skipulag og undirbúning að þinginu. Haukur fór nokkrum orðum um landsmótið og kvaðst sakna þess að Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri landsmóts sæti ekki þingið. Haukur kom einnig inn á tölvuvæðingu ÍSÍ og taldi hana til mikilla bóta. Að lokum þakkaði hann fyrir góða skýrslu en taldi vanta upplýsingar um nýjar deildir sem stofnaðar hafa verið á árinu.

Ingvar Árnason tók til máls og vakti athygli á að tryggingamál hreyfingarinnar eru ekki í lagi. Hann sagði börn vera ótryggð fyrir slysum sem verða meðan þau eru á íþróttæfingum. Hann sagði brýnt að ræða þessi mál.

Edvard Ragnarsson fór viðurkenningarorðum um skýrsluna og tjáði mönnum að tvær nýjar deildir hefðu verið stofnaðar á s.l. ári þ.e. körfuknattleiksdeild og íþróttir fyrir alla. Þá sagði hann



frá fyrirhugaðri byggingu nýs íþróttahúss í Mosfellsbæ. Edvard tók undir orð Ingvars í sambandi við tryggingarmálin og óskaði einnig eftir umræðu um skattamál sem hann sagði vera viðkvæm um þessar mundir.

Pálmi Gíslason taldi vænlegast að UMFÍ og ÍSÍ mundu vinna saman í því að koma tryggingarmálum íþróttahreyfingarinnar inn í almannatryggingar. Það mál þyrfti að vinna í samvinnu við stjórnmalamenn. Pálmi skoraði á þingið að senda frá sér áskorun til ÍSÍ og UMFÍ bæði um skattamálin sem og tryggingamálin.

Anna R. Möller tjáði mönnum að innan Stjórnunnar væri unnið að stofnun körfuknattleiksdeildar. Reyndar eru hafnar æfingar en húsnæðisskortur stendur þó starfinu fyrir þrífum. Þá ræddi Anna um trygginga- og skattamál og sagðist sammála Pálma um að þingið sendi frá sér áskorun til ÍSÍ og UMFÍ varðandi þessi mál t.d. með því að beita sér fyrir skattafríðindum íþróttá t.d. í formi skattafríðinda upp að ákveðnu marki.

Hafsteinn Pálsson kvað ÍSÍ vera að vinna í tryggingamálum. Starfandi er nefnd um tryggingamál. Einnig sagði Hafsteinn íþróttafólk vera tryggt að hluta í gegnum almannatryggingakerfi. Þá greindi Hafsteinn frá starfi skattaráðgjafa sem ÍSÍ hefur ráðið til aðstoðar fyrir félögin. Hann kvað skattafrádrátt til íþróttafélaga á hinum norðurlöndunum vera óverulegan. Þá hvatti hann þingið til að senda frá sér samþykkt um þessi mál.

Jón Ingi Ragnarsson greindi mönnum frá raunum Breiðabliks í viðskiptum við skattstjóra vegna reksturs tveggja veltiskilta. Hann efast um að verktakasamningar við þjálfara sem víða þekkt sé nein lausn fyrir íþróttafélögin. Þá þakkaði Jón Ingi fyrir góðar gjafir og kveðjur sem honum bárust á 50 ára afmæli sínu.

Sigurður Sigurðsson tók þá til máls og sagðist hafa komið inn í starfið sem foreldri en ekki sem íþróttamaður. Hann ræddi m.a. um skattamálin og sagði menn þurfa að fara eftir gildandi reglum í þeim efnum. Hann sagðist vonast eftir viðunnandi lausn fljótlega.

Þorsteinn Einarsson bauð þingfulltrúa að þiggja mat í boði Kópavogsbæjar á veitingastaðnum Mamma Rósa. Áður en sest yrði að snæðingi bauð hann þingfulltrúa að skoða félagsaðstöðu HK sem verið er að innrétta á annari hæð í húsinu. Einnig rakti hann raunir HK í viðskiptum við skattayfirvöld.



11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Matarhlé

Páll Magnússon þingforseti bar því næst reikningana upp til atkvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.

Þórir Jónsson formaður UMFÍ kvað sér hljóðs og tjáði mönnum að hann væri tilbúinn að leggja sig fram við lausn á skatta- og tryggingamálum hreyfingarinnar.

Því næst sæmdi hann Ester Jónsdóttur starfsmerki UMFÍ og rakti stuttlega það mikla starf sem hún hefur sinnt innan UBK, UMSK og UMFÍ.

Í matarhléi bauð bæjarstjórn Kópavogs upp á mat á veitingastaðnum Mamma Rósa og er þeim hér með þakkað fyrir. Við það tækifæri ávarpaði Sigurður Geirdal bæjarstjóri Kópavogs þingheim.

Viðurkenningar

Í hádegisverðarhléi voru að venju veittar viðurkenningar til afreksfólks í íþróttum og félagsmálum innan sambandsins. Það var Svanur M. Gestsson formaður UMSK sem afhenti hefðbundnar viðurkenningar. Viðurkenningar hlutu þessir:

Félagsmálaskjöldur UMSK:

Pálmi Gíslason UBK

Afreksbikar UMSK:

Sigurbjörg Ólafsdóttir Stjarnan

Frjálsíþróttabikar UMSK:

Fríða Rún Þórðardóttir UMFA

Sundbikar UMSK:

Tómas Sturlaugsson UBK

UMFÍ-bikarinn:

M.fl. karla í blaki HK

Starfsmerki voru sæmdir:

Bergþóra Sigmundsdóttir Stjarnan

Daníel Benjamínsson UMFA

Gylfi Þ. Sigurpálsson UBK

Grétar Bergsson HK

Hafsteinn Pálsson UMFA

Sigríður Stefánsdóttir Gerpla

Víðir Sigurðsson HK



Eftirtaldir voru ekki mættir og verður þeim afhent merkið við fyrsta tækifæri:

Andrés Pétursson	UBK
Finnur Kristinsson	HK
Guðmundur Karlsson	HK

Silfurmerki var sæmdur:

Steinn Jónsson	Grótta
----------------	--------

Að lokum var sveitarfélögum og aðildarfélögum UMSK afhent eintök af bókinni Saga Landsmóta UMFÍ.

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Skipað var í eftirtaldar nefndir til starfa á þinginu og voru nefndarmenn eftirtaldir:

1. Fjárhagsnefnd

Einar Sigurðsson	Gerpla	formaður
Guðríður Einarsdóttir	UMFA	
Árni Jón Árnason	KGB	
Sigurður Sigurðsson	UMFA	
Jón Ingi Ragnarsson	UBK	
Auður Gunnarsdóttir	Gerpla	
Hreinn Bergsveinsson	UBK	
Sighvatur Blöndahl	UBK	
Magnús Sigurðsson	Stjarnan	
Helga Sigurbjarnadóttir	Stjarnan	
Rúnar Einarsson	HK	
Magnús Ólafsson	Gustur	

2. Íþróttanefnd

Ingvar Árnason	Gerpla	formaður
Þorsteinn Einarsson	HK	
Ásta B. Björnsdóttir	Gerpla	
Sæunn Eiríksdóttir	UMFB	
Róbert Eyjólfsson	HK	
Kristján Guðmundsson	UBK	
Einar Vilhjálmsson	UBK	
Eiríkur Jensson	UBK	
Rósa Jónsdóttir	Stjarnan	
Gunnar Viðar	Stjarnan	
Karl J. Sigurgíslason	HK	
Þorsteinn Aðalsteinsson	Hörður	

3. Allsherjarnefnd

Edvard Ragnarsson	UMFA	formaður
Elsa Jónsdóttir	Gerpla	



Lilja Petra Ásgeirsdóttir	UMFA
Guðlaug Guðmundsdóttir	UMFB
Haukur Hauksson	UBK
Elísabet Sæmundsdóttir	Gustur
Gylfi Sigurpálsson	UBK
Anna R. Möller	Stjarnan
Gunnar Johnsen	Stjarnan
Jón Gunnar Sveinsson	Stjarnan
Högni Einarsson	HK
Halla M. Hallgrímsdóttir	Hörður

4. Kjörnefnd

Ólína Sveinsdóttir	UBK	formaður
Hafsteinn Pálsson	UMFA	
Páll Hreinsson	Ýmir	

**13. Fjárhagsáætlun
fyrir næsta ár lögð
fram**

Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri flutti
fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Fjárhagsáætlun 1994**Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	400.000
Lottó 5/38	1.500.000
Framlög sveitarfélaga	800.000
Skattur aðildarfélaga	1.000.000
Tekjur v/ landsmóts	<u>1.000.000</u>
	<u>6.500.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Ping og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	1.000.000
Framlag v/ þátt. í landsm.	<u>2.000.000</u>
	<u>6.500.000</u>

vísað til fjárhagsnefndar

**14. Laga og
leikreglna-
breytingar lagðar**

Engar laga- og reglugerðarbreytingar voru lagðar fyrir
ársþingið



15. Aðrar tillögur lagðar fram

Eftirfarandi tillögur frá stjórn UMSK voru lagðar fyrir þingið.

Pingskjal nr. 3

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómara námskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

vísað til íþróttanefndar

Pingskjal nr. 4

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánun samstarfi við aðildarfélögin.

vísað til allsherjarnefndar

Pingskjal nr. 5

70. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði **kr. 100** á félagsmenn 16 ára og eldri og **kr. 45** á félagsmenn yngri en 16 ára.

vísað til fjárhagsnefndar

Pingskjal nr. 6

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1995 við íbúafjölda **kr. 25** á íbúa.

vísað til fjárhagsnefndar

Pingskjal nr. 7

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélagana til almennrar þátttöku í 21. Landsmóti UMFÍ sem fram fer á Laugarvatni 14. - 17. júlí 1994 og sýna með því styrk sinn og samstöðu.

vísað til íþróttanefndar

Pingskjal nr. 8

70. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

vísað til allsherjarnefndar



Pingskjal nr. 9

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að undirbúa sig vel fyrir þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994 og stefna með því að sigri.

vísað til íþróttanefndar

Þá var vísað til allsherjarnefndar umræðum um skatta- og tryggingamál og nefndinni falið að leggja fram tillögu um málið.

16. Nefndarstörf

Páll Aðalsteinsson 2. þingforseti gerði nú hlé á þinghaldi og bað nefndarformenn um að kalla saman nefndir.

Nefndir störfuðu vel eins og fram kemur í næsta lið.

17. Afgreiðsla á álitum nefnda

Páll Magnússon 1. þingforseti setti þingið að nýju og kallaði nefndarformenn í pontu.

Íþróttanefnd:

Ingvar Árnason gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, gerði nefndin breytingar á þingskjölum nr. 3 og 7 en lagði til að þingskjal nr. 9 væri samþykkt óbreytt. Ingvar las síðan upp tillögur nefndarinnar í heild sinni með áorðnum breytingum.

Þingforseti bar þingskjöl nr. 3, 7, og 9 til atkvæða.

Þingskjal nr. 3

70. Ársþing UMSK... beinir þeim tilmælum til aðildarfélaganna, að halda dómaraþámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum, jafnframt því að hvetja einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim og/eða dómaraþámskeiðum á vegum sérsambandanna.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélagi til að sýna styrk sinn og samstöðu með almennri þátttöku í 21. Landsmóti UMFÍ sem fram fer á Laugarvatni 14. - 17. júlí 1994

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 9

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að undirbúa sig vel fyrir þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994 og stefna með því að sigri.

Samþykkt samhljóða



Allsherjarnefnd:

Edvard Ragnarsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og sagði nefndarmenn hafa verið mjög samstíga í störfum sínum. Edvard las upp tillögur nefndarinnar, þingskjal nr. 4 og 8 óbreytt og nýjar tillögur um skatta- og tryggingamál. Nokkuð snarpar umræður urðu um tillögur vegna skatta- og tryggingamálanna og fól þingforseti nefndinni að koma saman aftur, ásamt Ingvari Árnasyni og Sigurði Sigurðssyni og gera breytingar á tillögunum sem menn gætu felld sig við.

Þingforseti bar þingskjöl nr. 4 og 8 til atkvæðagreiðslu:

Þingskjal nr. 4

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

70. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsnefnd:

Einar Sigurðsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og las síðan upp tillögur nefndarinnar að þingskjölum nr. 5, 6 og 2 með þeim breytingum sem nefndin gerði.

Þingforseti bar þingskjöl nr. 5, 6 og 2 til atkvæðagreiðslu:

Þingskjal nr. 5

70. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1995 við íbúafjölda kr. 25 á íbúa.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 2**Fjárhagsáætlun 1994****Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	400.000
Lottó	2.000.000
Framlög sveitarfélaga	800.000
Skattur aðildarfélaga	1.000.000
Tekjur v/ landsmóts	<u>1.000.000</u>
	<u>7.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Þing og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	1.500.000
Framlag v/ þátt. í landsmóti	<u>2.000.000</u>
	<u>7.000.000</u>

Samþykkt samhljóða

Nú var gert kaffihlé og þingfulltrúum boðin afmælisterta í tilefni að því að þingið er hið 70. í röðinni.

Þingforseti kallaði saman þingfulltrúa og var þingstörfum framhaldið.

Edvard Ragnarsson las nú upp tillögur að þingskjölum nr. 10 og 11 með áorðnum breytingum eftir endurtekinn nefndarfund.

Þingforseti bar tillögurnar upp til samþykktar.

Þingskjal nr. 10

70. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ / framkvæmdastjórnar ÍSÍ að hún vinni að því á sínum vettvangi að koma tryggingamálum íþróttahreyfingarinnar í gott horf, þannig að allir sem íþróttir stunda á vegum félaganna séu fulltryggðir. Jafnframt verði tryggt fyrir þeirri ábyrgð sem fallið getur á forsvarsmenn og starfsmenn félaganna.

Samþykkt samhljóða



Þingskjal nr. 11

70. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ / framkvæmdastjórnar ÍSÍ að hún vinni að því ásamt alþingismönnum, að skattalögum verði breytt þannig að ákveðinn hluti þjálfaralauna vegna þjálfunar barna og unglinga innan íþróttahreyfingarinnar, verði undanþeginn skatti. Jafnframt verði skattamál hreyfingarinnar í heild sinni tekin til skoðunar.

Samþykkt samhljóða

18. Önnur mál

Örn Harðarson steig í pontu og sagðist harna það að hestaíþróttir skuli ekki vera með á 21. Landsmóti UMFÍ

Ólína Sveinsdóttir svaraði Herði og sagði nú nýlega hefði verið ákveðið að taka hestaíþróttir inn sem sýningargrein og verið sé að setja upp framtíðarsvæði fyrir hestaíþróttir á Laugarvatni.

Hafsteinn Pálsson minnti á starfsíþróttir en þar eru hestadómar ein af keppnisgreinunum og hvatti hann UMSK til sigurs í þeirri grein eins og síðast.

19. Kosningar

Ólína Sveinsdóttir talaði fyrir hönd kjörnefndar og flutti tillögur nefndarinnar.

Formaður:

Svanur M. Gestsson

Tveir stjórnarmenn til tveggja ára:

Margrét Guðmundsdóttir

Guðrún Magnúsdóttir

Þrjú menn í varastjórn til eins árs:

Örn Harðarson

Albert H.N. Valdimarsson

Sigurjón Guðfinnsson



Tveir endurskoðendur
Ólína Sveinsdóttir
Steinþór Pálsson

Tveir endurskoðendur til vara:
Kristján Sveinbjörnsson
Hafsteinn Pálsson

Einn aðalmaður í dómstól til þriggja ára:
Albert H.N. Valdimarsson

Einn varamaður í dómstól til þriggja ára:
Jón Ingi Ragnarsson

Engar aðrar tillögur komu fram og hlutu því allir ofangreindir kosningu til þeirra starfa sem að ofan er getið.

Þingforseti óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör sitt og færði síðan stjórn fundarins í hendur nýkjörins formanns.

Svanur M. Gestsson steig í pontu og þakkaði það traust sem hann hlaut í kosningu til formanns. Þá færði hann HK þakkir fyrir góðan undirbúning þingsins og bæjarstjórn Kópavogs fyrir stuðninginn. Sleit hann síðan þingi kl. 15:40

20. Þingslit



Frá afhendingu starfsmerkja í hádegisverðarhléi



Tillögur samþykktar á 70. ársþingi UMSK

Pingskjal nr. 2

Fjárhagsáætlun 1994

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	400.000
Lottó	2.000.000
Framlög sveitarfélaga	800.000
Skattur aðildarfélaga	1.000.000
Tekjur v/ landsmóts	<u>1.000.000</u>
	<u>7.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Ping og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	1.500.000
Framlag v/ þátt. í landsmóti	<u>2.000.000</u>
	<u>7.000.000</u>

Pingskjal nr. 3

70. Ársþing UMSK... beinir þeim tilmælum til aðildarfélaganna, að halda dómaramámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum, jafnframt því að hvetja einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim og/eða dómaramámskeiðum á vegum sérsambandanna.

Pingskjal nr. 4

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

Pingskjal nr. 5

70. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.



Pingskjal nr. 6

70. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1995 við íbúafjölda kr. 25 á íbúa.

Pingskjal nr. 7

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélaga til að sýna styrk sinn og samstöðu með almennri þátttöku í 21. Landsmóti UMFÍ sem fram fer á Laugarvatni 14. - 17. júlí 1994

Pingskjal nr. 8

70. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

Pingskjal nr. 9

70. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að undirbúa sig vel fyrir þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994 og stefna með því að sigri.

Pingskjal nr. 10

70. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ / framkvæmdastjórnar ÍSÍ að hún vinni að því á sínum vettvangi að koma tryggingamálum íþróttahreyfingarinnar í gott horf, þannig að allir sem íþróttir stunda á vegum félaganna séu fulltryggðir. Jafnframt verði tryggt fyrir þeirri ábyrgð sem fallið getur á forsvarsmenn og starfsmenn félaganna.

Pingskjal nr. 11

70. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ / framkvæmdastjórnar ÍSÍ að hún vinni að því ásamt alþingismönnum, að skattalögum verði breytt þannig að ákveðinn hluti þjálfaralauna vegna þjálfunar barna og unglinga innan íþróttahreyfingarinnar, verði undanþeginn skatti. Jafnframt verði skattamál hreyfingarinnar í heild sinni tekin til skoðunar.



Lög og reglugerðir UMSK





Lög Ungmennasambands Kjalarnespings

1. gr. Heiti og sam- bandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmaett, ef löglega er til þess boðað.



7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
 - e. Kosning í héraðsdómstól.
20. Þingslit.



Eflægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.



13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðsþings UMSK: 1992-02-09
- b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ: 1992-10-29
- c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: 1993-01-21

*Svanur M. Gestsson formaður
UMSK afhenti Pálma Gíslasyni
f.v. formanni UMFÍ
félagsmálaskjöld UMSK*





Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaðimikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn ef Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. AFREKSBIKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ-BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. FRJÁLSÍPRÓTTABIKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. SUNDBIKAR UMSK, gefinn af sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.



Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK



Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 666944
Varaformaður	Hraunur Daníelsson	UBK	S 41553
Ritari	Ester Jónsdóttir	UBK	S. 44158
Gjaldkeri	Margrét Guðmundsd.	Gerpla	S 656351
Meðstjórnandi	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA	S. 667124
Til vara	Örn Harðarson	Hörður	S. 666359
	Albert H.N. Valdimarss.	HK	S 52832
	Sigurjón Guðfinnsson	KGB	S 672026

Ester Jónsdóttir ritari UMSK tekur við starfsmerki UMFÍ, úr hendi Þóris Jónssonar formanns UMFÍ.



